



Árekstur tveggja RIB báta

Amma Helga og Kjói

Bókun

Mál nr.: 2024-052-S-020

Dagsetning: 13. september 2024

Staðsetning: Skjálfaflói

Atvik: Árekstur tveggja RIB báta

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 13. september 2024 varð árekstur milli tveggja RIB báta þegar þeir voru við hvalaskoðun vestan við Lundey á Skjálfaflóa.

Veður var hægviðri en norðlæg undiralda.

Varð áreksturinn með þeim hætti að Amma Helga var á siglingu og þegar skipstjóri hennar dró úr ferð var Kjóa siglt aftan á hana. Engin slys urðu á fólki.

Helstu staðreyndir

Kjóa

Skipaskrár. nr. 2173

Útgerð: Húsavík Adventures ehf.

Smíðaður: Holland 2012

Stærð: 12 BT.

Mesta lengd: 11,29 m

Skráð lengd: 10,75 m

Breidd: 3,28 m

Vél: YANMAR, 2011 211 kW

Fjöldi skipverja: 3

Hámarksfjöldi farþega: 12



Amma Helga

Skipaskrár. nr. 7800

Útgerð: Gentle Giants-Hvalaferðir ehf.

Smíðaður: Pólland 2016

Stærð: 18 BT.

Mesta lengd: 12,99 m

Skráð lengd: 12,38 m

Breidd: 3,70 m

Vél: VOLVO PENTA, 2016 550 kW

Fjöldi skipverja: 2

Hámarksfjöldi farþega: 12



Atvikalýsing

Að morgni 13. september 2024 voru hvalaskoðunarbátarnir Amma Helga og Kjói, báðir frá Húsavík, í hvalaskoðun suðvestan við Lundey á Skjálfaflóa. Veður var nánast logn en þung norðlæg undiralda.

Á svæðinu voru að minnsta kosti fjórir RIB bátar. Allir voru þeir að bíða eftir að sjá hval og voru kyrrstæðir. Sagðist skipstjóri Ömmu Helgu hafa séð hval sunnan við sig en á milli hans og hvalsins var RIB báturinn Kjói. Sneri hann bátinum og hélt í átt að hvalnum og fór fram hjá Kjóa. Hann lét skipstjóra Kjóa vita af hvalnum þegar hann sigldi fram hjá honum. Skipstjóri Kjóa sneri þá sínum bát líka og hélt á eftir Ömmu Helgu. Amma Helga sigldi í um það bil hálfu mínútu og sló þá af með þeim afleiðingum að Kjóa var sigl aftan á Ömmu Helgu. Að sögn skipstjóra Kjóa sigldi hann í kjölfarinu á Ömmu Helgu til að forðast ölduna sem kom frá henni. Hann taldi að það hefði gefið yfir bátinn ef hann hefði siglt til hliðar við Ömmu Helgu eins og venjulega var gert. Öldurnar voru stórar og langar og skipstjóri Kjóa sagðist hafa misst sjónar á Ömmu Helgu eftir eina slíka öldu. Þegar hann sá bátinn næst var Amma Helga nánast stopp. Setti hann á fulla ferð aftur á bak en of seint og lenti Kjói á björgunarbát Ömmu Helgu. Skipstjóri Kjóa sagði að bátur hans hefði verið nánast stopp þegar aldan hafi kastað bátinum áfram og á Ömmu Helgu.

Ekki urðu miklar skemmdir á Ömmu Helgu en hylkið utan um björgunarbát hennar skemmdist lítillega en þó ekki það mikið að það færi að leka. Einnig bognaði stólafesting. Engin meiðsli urðu á fólki.

Engar skemmdir urðu á Kjóa og engin meiðsli á fólki. Ömmu Helgu var samstundis siglt til hafnar.

Mikilvæg ábending

Nefndin áréttar mikilvægi þess að skipstjórnarmenn hvalaskoðunarbáta gæti fyllstu varúðar þegar siglt er nálægt öðrum bátum þar sem margir bátar eru á litlu svæði.



Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirprúður Alfreðsdóttir